

Nýr samningur ræstingarfólks

Helstu breytingar á tímabilinu 2024-2028

Til dreifingar meðal Eflingarfélaga
Mars 2024



Til hverra ná breytingarnar?



- Í kjarasamningaviðræðunum 2024 lagði Efling sérstaka áherslu á að bæta kjör ræstingarfólks.
- Breytingarnar eiga við um alla sem starfa við ræstingar á almennum vinnumarkaði samkvæmt 22. kafla kjarasamningsins milli Eflingar og SA (Samtaka atvinnulífsins).

Þetta á við um:

- **Alla sem starfa hjá ræstingarfyrirtækjunum** (Dagar, Sólar, AP-þrif, o.s.frv.)
- **Alla þá sem ráðnir eru beint af einkafyrirtækjum til að þrifa húsnæði þeirra.**

Þetta á ekki við um:

- Hótelstarfsmenn (þernur) sem ráðnir eru beint af hóteli.
- Ræstingarfólk ráðið beint til hins opinbera, svo sem á hjúkrunarheimilum, í skólum, hjá ríkisstofnunum o.s.frv.

Breytingar á grunnlaunum



Hækkun um launaflokka

- Ræstingarfólk var áður í **launaflokki 6**.
- Frá 1. febrúar 2024 færast öll upp í **launaflokk 8**.

Almenn hækkun

- Ræstingarfólk fær sömu grunnlaunahækkanir og allir aðrir félagsmenn Eflingar á almennum vinnumarkaði.
- Sú hækkun er að lágmarki 24.306 kr. á ári frá 2023-2027 sem jafngildir lágmarkshækkun upp á 97.224 kr.

Samanlagðar grunnlaunahækkanir ræstingarfólks

- Í lok samningstímans verða lágmarks grunnlaun ræstingarfólks **508,872 kr.** í byrjunarlaun og **532,103 kr.** fyrir ræstingarfólk með 5 ára starfsreynslu.
- Sjá næstu glæru.

Heildar grunnlaunahækkun



- Taflan hér að neðan sýnir **breytingar á lágmarks grunnlaunum** ræstingarfólks fram til loka samningstímans.
- Samanburðurinn er milli launaflokks **6** árið **2022** (núgildandi) og launaflokks **8** árið **2027** (við lok samningstímans).
- Athugið að þessi hækkun grunnlauna leiðir til samsvarandi hækkunar á tímakaupi og þar með talið vaktaálagi og yfirvinnuálagi.

	Launa- flokkar	Byrjunar- laun	Eftir 1 ár	Eftir 2 ár	Eftir 5 ár
Núgildandi	6	406.914	410.984	417.148	425.491
Samningslok	8	508.872	513.961	521.670	532.103
Heildar- hækkun		101.958	102.977	104.522	106.612

Nýr ræstingarauki



- Frá og með ágústmánuði 2024 mun ræstingarfólk fá greidda nýja, sérstaka viðbótargreiðslu mánaðarlega, ræstingarauka.
- Ræstingaraukinn fyrir fullt starf (100%) er **19.500 kr.**
- Ræstingaraukinn reiknast í hlutfalli við starfshlutfall.
 - *Dæmi: Ræstingarauki starfsfólks sem vinnur í 50% hlutastarfi verður 9.750 kr.*
- Ræstingaraukinn er ekki hluti af grunnlaunum og mun þar með ekki leiða til hækkunar á tímakaupi né vaktaálagi eða yfirvinnuálagi.
- Ræstingaraukinn mun birtast sem sérstök lína á launaseðli.
- Ræstingarfólk ætti að skoða **laun sín og launaseðill fyrir ágúst 2024** (greidd út í byrjun september) til að sannreyna að það hafi fengið ræstingaraukann greiddan fyrir þann mánuð.

Launahækkarnir á tímabilinu

Taflan hér að neðan sýnir hvenær hinar mismunandi hækkarnir munu taka gildi. Tölurnar eiga við um ræstingarfólk í fullri (100%) dagvinnu.

		Byrjunar- laun	E. 1 ár	E. 2 ár	E. 5 ár
febrúar 2024	Grunnlaunahækkun	24.027	24.266	24.631	25.124
	Hækkun úr launaflokki 6 í launaflokk 8	5.013	5.064	5.140	5.242
ágúst 2024	Ræstingarauki	19.500	19.500	19.500	19.500
janúar 2025	Grunnlaunahækkun	24.306	24.549	24.917	25.416
janúar 2026	Grunnlaunahækkun	24.306	24.549	24.917	25.416
janúar 2027	Grunnlaunahækkun	24.306	24.549	24.917	25.416
	Samtals	121.458	122.477	124.022	126.114

Færð þú greitt fyrir tímamælda ákvæðisvinnu?




- Ræstingarfólk sem vinnur í tímamældri ákvæðisvinnu á að fá 20% álag greitt ofan á tímakaup sitt fyrir hverja klukkustund í tímamældri ákvæðisvinnu (reiknað út miðað við launaflokk 8).
- Vinna sem ekki er tímamæld ákvæðisvinna er nefnd annað hvort „tímavinna“ eða „vaktavinna“. Mögulegt er að hluti vinnu þinnar sé tímamæld ákvæðisvinna og hluti sé tímavinna/vaktavinna.
- Í nýja samningnum er betrubætt skilgreining á muninum milli tímavinnu/vaktavinnu og tímamældrar ákvæðisvinnu.
- **Ef vinna þín uppfyllir eftirfarandi skilyrði ætti að greiða 20% álag vegna tímamældrar ákvæðisvinnu ofan á launin þín:**
 - Gert er ráð fyrir að þú klárir tiltekin þrif innan ákveðinna tímamarka.
 - Aukins vinnuhraða er vanalega þörf til að ljúka verkinu.
- Sjá nýjan samningstexta á næstu glæru.

Skilgreining tímamældrar ákvæðisvinnu

Ný skilgreining í samningnum (grein 22.1.2.5):

„Ræsting í tímavinnu/vaktavinnu er þegar unnið er eftir starfs- eða verklýsingu á umsömdum vinnutíma og ekki er gerð krafa um aukin afköst líkt og í tímamældri ákvæðisvinnu, sbr. gr. 22.2. Ef ekki er mögulegt að ljúka verki skv. starfs- eða verklýsingu innan umsamins vinnutíma, m.v. eðlilegan vinnutakt, er starfsmanni ekki skylt að ljúka verkinu. Ef atvinnurekandi gerir hins vegar kröfu um að verki verði lokið innan umsamins vinnutíma, en ljóst er að það verður ekki gert nema á auknum vinnutakti eins og um tímamælda ákvæðisvinnu sé að ræða, ber að greiða fyrir vinnu skv. ákvæðum gr. 22.2.3.“



Takk fyrir!